Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 30.09. 2016. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir (fjarverandi), Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir (fjarverandi), Hulda Björk Guðmundsdóttir, Reynir Þór Magnússon, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Björgvin Franz Gíslason, Unnur Jónsdóttir, Kristín og María Mist.

Dagskrá:

1. **Starfsáætlun**
   a. Farið var yfir hlutverk skólaráðs og nýtt skólaráð kynnti sig. Helstu breytingar í ár eru að fulltrúar nemenda verða Kristín og María Mist, Hulda Björk Guðmundsdóttir kemur inn sem fulltrúi kennara í staðinn fyrir Kristjönu Hrönn Árnadóttur sem er í fæðingarorlofi, fulltrúar foreldra eru Björgvin Franz Gíslason og Unnur Jónsdóttir.
   b. Starfsáætlun lögð fram og yfirfarin. Engar athugasemdir voru gerðar.

2. **Áherslur á nýju skólaári**
   a) *Nýtt námsmat.* Sagt frá helstu atriðum sem tengjast nýju námsmati sem tekið verður upp á unglingastigi í vetur.
   b) *Ipad væðing á unglingastigi og upplýsingatækni*. Hjördís Ýrr Skúladóttir verkefnastjóri ipadinnleiðingar sagði frá starfi sínu og því sem er framundan í innleiðingu á ipad í unglingadeild og helstu áherslubreytingum í kennslu á upplýsingatækni í skólanum. Þá var henni óskað til hamingju með ETWINNING viðurkenningu sem hún hlaut fyrir stuttu.
   c) *Horft inn á við með teymi – Umbótastarf*. Skólastjóri sagði frá umbótastarfi skólans sem verið er að skipuleggja um þessar mundir. Það helst að einhverju leyti í hendur við vinnumat kennara sem verið er að leggja lokahönd á.
   d) *Nýr deildarstjóri og verkefnastjóri*. Búið er bæta við stjórnun skólans og fjölga um einn deildarstjóra. Hvert stig hefur núna sinn deildarstjóra. Þá er líka búið að ráða verkefnastjóra fyrir ipad innleiðingu auk þess sem verkefnastjóri læsis er áfram.
   e) *Vinaliðar*. Skólinn mun innleiða vinaliðaverkefni í vetur í 1.-4. bekk. Verkefnið er í undirbúningi og mun byrja undir lok október gangi allt eftir. Nánar má lesa um vinaliðaverkefni hér: https://tackk.com/vinalidar
   f) *Bættur búnaður – aðbúnaður*. Búið er að bæta búnað hér og þar í samræmi við þörf, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Áfram þarf þó að vinna í að bæta og laga.

3. Önnur mál:
   a. *Skólaskipan á Völlunum*. Verið er að vinna eftir áætlun og þeim hugmyndum sem búið er að kynna fyrir foreldrum. Boðað verður til fundar í starfshópi fljótlega og koma þá fleiri fréttir af málinu.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland